

Kæra foreldri/forráðamaður.

Leikskólinn notar kannanakerfið Skólapulsiinn til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Liður í því er að spyrja foreldra í leikskólanum um eftirfarandi matsþætti:

Aðlögun og flutningur milli deilda	Félagsfærni barna	Mataræði og matarmenning
Vinnubrögð í leikskólanum	Vellíðan barna	Sérkennsla og stuðningur
Stjórnun leikskólans	Tækifæri til náms	Sérfræðiþjónusta
Aðstaða til leiks og náms	Málörvun	Samskipti og upplýsingamiðlun
Starf í takt við aðalnámskrá	Útivist og umhverfisvitund	

Könnunin er lögð fyrir foreldra allra barna í leikskólanum. Búnir eru til þátttökukóðar úr lista sem leikskólinn sendir inn í kerfið í febrúar. Þátttökukóðarnir eru svo sendir til foreldra í tölvupósti.

Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapulsiins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og aðstæðum barna á landsvísu.

Kannanakerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapulsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun leikskólans. Ef þú er mótfallin því að eiga möguleika á að svara könnuninni, hafðu þá samband við skrifstofu leikskólans eða ritaðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu leikskólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapulsiins, í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Ég vil ekki eiga möguleika á að svara þessari könnun.

Leikskóli: _____

Undirskrift foreldris/forráðmanns: _____